

# **Málefnasamningur**

## **meiri hluta bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs**

### **2018-2022**



B listi Framsóknar á Fljótsdalshéraði

D listi Sjálfstæðisflokks og óháðra á Fljótsdalshéraði

## Málefnasamningur D- og B lista á Fljótsdalshéraði 2018-2022

D-listi Sjálfstæðisflokkss og óháðra og B-listi Framsóknar á Fljótsdalshéraði staðfesta að listarnir mynda saman meirihluta í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, kjörtímabilið 2018-2022. Listarnir sameinast um að koma í framkvæmd stefnuskrám sínum eins og þær voru kynntar kjósendum og samkvæmt því samkomulagi sem hér fer á eftir.

Það er grundvallaratriði í samstarfinu að áfram verði gætt aðhalds og skynsemi við fjármálastjórn sveitarfélagsins. Það svigrúm sem sveitarfélagið hefur verði nýtt til uppbyggingar innviða og til þess að sótt verði fram hvað varðar uppbyggingu öflugs atvinnulífs og gróskumikils mannlífs í sveitarfélaginu.

### Áherslumál eftir málauflokkum:

#### Stjórnsýsla

- Í upphafi kjörtímabilsins verði það fyrsta verkefni nefnda, ásamt starfsmönnum þeirra, að fara yfir verkferla og fyrirkomulag á afgreiðslu mála með það að markmiði að auka skilvirkni og hraða afgreiðslu til hagsbóta fyrir íbúa.
- Bæjarstjórn setji á fót starfshóp sem fari yfir samþykktir nefnda sveitarfélagsins og verkefni þeirra með það í huga að kanna hvort ástæða sé til að gera breytingar á þeim, t.d. að sameina eða setja á fót nýjar nefndir. Starfshópurinn skili niðurstöðu samhliða gerð fjárhagsáætlunar ársins 2019.
- Bæjarráð taki til skoðunar verklag við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs. Markmiðið er að tryggja enn frekar virka þátttöku kjörinna fulltrúa á öllum stigum ferlisins.
- Allar nefndir sveitarfélagsins fari reglulega í vettvangsferðir sem tengjast starfi nefnda.

#### Skipulag

- Aðalskipulag sveitarfélagsins verði endurskoðað.
- Jafnt og þétt verði unnið að því að ljúka við, endurskoða og gera deiliskipulag fyrir bæði íbúða- og atvinnusvæði.
- Við vinnslu framangreindra verkefna verði farin hagkvæmasta leiðin og meðal annars horft til þess að tímabundið verði ráðinn skipulagsráðgjafi til starfa hjá sveitarfélaginu.

#### Umhverfi

- Áfram verði unnið að bættri fráveitu út frá áætlunum HEF og í samræmi við lög og hagsmuni umhverfisins.
- Ásýnd, aðkoma og opin svæði verði fegruð og almenningsgörðum fundin hlutverk sem hvetja til aukinnar nýtingar á þeim.
- Sveitarfélagið leiði samfélagslega hvatningu til snyrtilegrar umgengni. Hugmyndin um samfélagsdaginn verði þróuð áfram og hann haldinn árlega.
- Íbúar og fyrirtæki verði áfram hvött til flokkunar sorps og sérstaklega verði unnið áfram að því að minnka plastnotkun á Fljótsdalshéraði.
- Í samvinnu við landeigendur og hagsmunaaðila verði unnið að því að skilgreina svæði og náttúrufyrirbæri sem skynsamlegt sé að friðlýsa.

AT  
SOF

### *Dreifbýli*

- Leitað verði samninga við Vegagerðina m.t.t. þess að fyrirkomulag vetrarþjónustu í dreifbýli verði endurskoðað og þjónustan bætt með það að markmiði að íbúar geti gengið út frá því að komast daglega að sækja vinnu og þjónustu.
- Þjónusta sveitarfélagsins í dreifbýli sé veitt af metnaði og reglulega metið og endurskoðað hvernig að henni er staðið.
- Unnið verði að því að ljósleiðari verði tengdur sem víðast í sveitarfélagini.

### *Mannvirki*

- Gerð verði úttekt á hljóðvist í húsnæði sveitarfélagsins og markvisst unnið að úrbótum.
- Aðgengi fyrir alla verði ætíð haft að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja í sveitarfélagini.
- Gerð verði áætlun um reglubundnar aðgengis- og öryggisúttektir á húsnæði sveitarfélagsins og leiksvæðum og úrbætur gerðar í samræmi við niðurstöður þeirra.

### *Fræðslumál*

- Í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk skólastofnana verði leitað leiða til aukins samstarfs til að ná samnýtingu á mannauði og aðbúnaði. Í þeim tilgangi verði haldinn vinnudagur með starfsfólk skólastofnana á Fljótsdalshéraði.
- Menntastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð.
- Kanna grundvöll þess að foreldrar barna 1-2 ára geti valið milli dagforeldra, leikskóla eða nærfjölskyldu við að annast barnið, með því að daggjöld fylgi hverju barni sem ekki nýttir dagvistunarpláss og auknar niðurgreiðslur til foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra.
- Systkinaafsláttur á leikskólum verði hækkaður á kjörtímabilinu.
- Í samráði við stjórnendur og starfsfólk verði leitað leiða til að leikskólar geti veitt öllum umsækjendum barna á aldursbilinu 12-18 mánaða leikskólapláss.
- Lokið verði við uppbyggingu leikskólans Hádegishöfða.
- Unnið verði að undirbúningi byggingu nýs leikskóla á Egilsstöðum.

### *Frístundir*

- Íþrótta- og tómstundastykur verði þróaður enn frekar. Skoðað verði að skipta styrknum á tvær annir og að hann verði í boði fyrir börn á grunnskólaaldri til 18 ára aldurs.
- Þróaður verði ferðastykur fyrir börn í dreifbýli í tengslum við veitingu frístundastyrks.
- Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í samvinnu við Íþróttafélagið Hött og í samræmi við fyrirliggjandi áætlun.
- Unnið verði að því að bæta aðstöðu í sundlauginni á Egilsstöðum, til dæmis með því að koma upp útiklefum við íþróttamiðstöðina og kanna með lengingu á opnunartíma.
- Tryggt verði að til staðar sé viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og tómstundafélög varðandi hvers kyns ofbeldi.

## *Atvinnumál*

- Nýta niðurstöður innviðagreiningar til kynningar og markaðssetningar innanlands sem utan. Sveitarfélagið vinni að markvissri kynningu atvinnutækifæra í sveitarfélagini í samvinnu við Austurbrú og hagsmunaaðila t.d. í ferðaþjónustu, flugvallartengdri starfsemi, orkustarfsemi og matvælaframleiðslu.
- Bæjaryfirvöld eigi reglulegt samtal við atvinnurekendur og frumkvöðla innan sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið styðji við atvinnustarfsemi á svæðinu meðal annars með því að beina innkaupum á vörum og þjónustu til fyrirtækja í heimabyggð.
- Unnið verði að fjölgun áfangastaða fyrir ferðafólk innan sveitarfélagsins í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök.

## *Menning*

- Áfram verði unnið samkvæmt menningarstefnu Fljótsdalshéraðs og hún yfirfarin samkvæmt áætlun.
- Leitast verði við að veita listafólk og félagasamtökum á sviði lista og menningar aðstöðu til sinnar starfsemi.
- Lokið verði við uppbyggingu Slátturhússins og Safnahússins í samræmi við samning um uppbyggingu menningarhúss á Fljótsdalshéraði.

Sveitarfélagið mun halda reglulega fundi með opinberum stofnunum sem sinna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins s.s. Vegagerðinni, Rarik, Orkusölunni, Landsneti, Landsvirkjun, lögreglunni, sýslumanni, HSA og Isavia.

Við viljum auka tengsl við framhaldsskólana á svæðinu og styðja við eflingu þeirra ásamt því að auka enn frekar samstarf við Austurbrú. Sveitarfélagið stendur heilshugar að baki uppbyggingu rannsókna og náms á háskólastigi á svæðinu.

Fulltrúar sveitarfélagsins munu sjá til þess að rödd þess heyrist skýrt og greinilega í samskiptum við ríkisvaldið. Barist verði fyrir bættum samgöngum, eflingu skógræktar, bættum fjarskiptum, endurbótum á dreifikerfi raforku og auknu umferðaröryggi ásamt sanngjarnri dreifingu fjármagns og fjölgun opinberra starfa í sveitarfélagini.

Óskað verði eftir viðræðum við Seyðisfjarðarkaupstað, Djúpavogshrepp og Borgarfjarðarhrepp um sameiningu sveitarfélaganna.

Fljótsdalshérað, 19. júní 2018

Anna Alexandersdóttir

Anna Alexandersdóttir  
oddviti D lista

Stefán Bogi Sveinsson

Stefán Bogi Sveinsson  
oddviti B lista

**Nefndarskipan**

Skipting formanna nefnda og stjórna verði eftirfarandi:

Forseti bæjarstjórnar	B
Formaður bæjarráðs	D
Formaður fræðslunefndar	D
Formaður umhverfis og framkvæmdanefndar	B
Formaður félagsmálanefndar	D
Formaður atvinnu og menningarnefndar	B
Formaður íþróttar og tómstundanefndar	D
Formaður náttúruverndarnefndar	B
Formaður jafnréttisnefndar	D
Formaður Brunavarna á Héraði	B
Formaður stjórnar Minjasafns Austurlands	B
Formaður stjórnar HEF	D